

Nd. **706. Frumvarp til laga** [210. mál]

um breyting á umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968, sbr. lög nr. 55 12. maí 1970 og lög nr. 23 3. maí 1972.

(Eftir 2. umr. í Nd., 5. apríl.)

1. gr.

70. gr., sbr. 2. gr. laga nr. 55 12. maí 1970, breytist sem hér segir:

a. 1. mgr. orðist svo:

Eiganda skráðs, vélknúins ökutækis er skylt að kaupa í váttryggingafélagi, sem viðurkennt er af dómsmálaráðherra, og halda við váttryggingu fyrir ökutæki sitt, sem nemi kr. 2 000 000.00 fyrir létt bifhjól, kr. 3 000 000.00 fyrir dráttarvél, kr. 3 000 000.00 fyrir bifhjól og kr. 6 000 000.00 fyrir bifreið.

b. Í stað „kr. 200 000.00“ í 2. mgr. komi: kr. 400 000.00.

2. gr.

Í stað „2,5%“ í 73. gr., sbr. 1. gr. laga nr. 23 3. maí 1972, komi: 2%.

Aftan við 3. mgr. 73. gr., sbr. 1. gr. laga nr. 23 3. maí 1972, bætist:

Þó er eiganda skrásetts dráttartækis, sbr. 1. mgr. 67. gr., heimilt að kaupa tryggingu gegn endurkröfu váttryggingafélags skv. 1. mgr., þegar endurkrafan er sprottin af tjóni vegna dráttar á öðru ökutæki.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 1. gr. og 1. mgr. 2. gr. koma þó til framkvæmda 1. mars 1974.